



GRINDAVÍKURBÆR

Skólastefna Grindavíkur

Drög þessi verða lögð fyrir fræðslunefnd í september til afgreiðslu. Endurskoðun fór fram á fundum vinnuhóps sem voru 10 talsins þar af einn eftir umsagnarferil. Byggt var á gögnum frá skólapingi 12. janúar 2013, frá hópastarfi á starfsdögum um grunnþætti á skólaárinu 2012-2013 og samræðum vinnuhóps um endurskoðun skólastefnunnar. Endurskoðun skólastefnu er hluti af þróunarverkefni Skólaskrifstofu Grindavíkur og allra skóla í Grindavík við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár í skólastarfið. Stýrihópur þróunarverkefnisins ákvað samsetningu vinnuhópsins og skólar tilnefndu síðan fulltrúa.

Í vinnuhópnum voru:

Þórunn Svava Róbertsdóttir fulltrúi fræðslunefndar

Bylgja Kristín Héðinsdóttir aðstoðarleiksólustjóri Leikskólanum Króki

Sigríður Guðmundsdóttir Hammer kennari Leikskólanum Laut

Valgerður Ágústsdóttir fyrir hönd foreldra leikskólabarna

María Eir Magnúsdóttir kennari Grunnskólans í Grindavík

Kristjana Jónsdóttir kennari Grunnskólans í Grindavík

Sigurbjörg Guðmundsdóttir frá foreldrafélagi Grunnskólans

Halldór Lárusson tónlistarkennari og Inga Þórðardóttir skólastjóri Tónlistarskóla Grindavíkur

Bjarnfríður Jónsdóttir sérkennsluráðgjafi á Skólaskrifstofu Grindavíkur

Kristinn Reimarsson frístunda- og menningarfulltrúi Grindavíkurbæjar

Ingibjörg María Guðmundsdóttir sálfræðingur Skólaskrifstofu Grindavíkur

Skólastefnunni er ætlað að taka til allra þátta í uppeldis- og skólastarfi bæjarins. Markmiðið er að skapa framtíðarsýn í málaflokknum til næstu 4 ára og vera málefnalegur grundvöllur að umfjöllun og ákvörðunartöku um skólastarf í sveitarfélaginu. Vinna við innleiðingu á nýjum aðalnámskrám hófst formlega með umsókn í Sprotasjóð í febrúar 2012. Kynning á nýrri menntastefnu og grunnþáttum var í ágúst á vegum menntamálaráðuneytis og starfsdagar voru 4 þar sem unnið var með grunnþættina og þeir tengdir skólastarfi þvert á skóla og stig. Í janúar var íbúaping þar sem skoðanir íbúa fengust um hvernig grunnþættirnir ættu að birtast í skólastarfi í Grindavík. Stýrihópur hefur verið að störfum frá vori 2012 og sérstakur vinnuhópur í endurskoðun skólastefnunnar með fulltrúum frá öllum hagsmunaaðilum.

Eftirfarandi stefnumótandi markmið eru sett fram um ofangreinda starfsemi. Það er síðan á ábyrgð hvernar stofnunnar að útfæra leiðir í skólanámskrá og




GRINDAVÍKURBÆR

starfsáætlun til þess að framfylgja stefnunni. Skólaskrifstofu Grindavíkur er ætlað að fylgja stefnunni eftir í samvinnu við forstöðumenn stofnanna.

Skólastefna Grindavíkur

Skólastefna Grindavíkur grundvallast á nýrri menntastefnu og framtíðarsýn sveitarfélagsins. Í menntastefnunni eru skilgreindir sex grunnþættir. Þeir eru í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga og mynda kjarna menntastefnunnar. Þeir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum og skapa mikilvæga samfellu í skólastarfinu. Þessir grunnþættir eru:



Velferð nemenda

Velferð og hagsmunir nemenda hafi forgang í því mikilvæga hlutverki skólastarfs að stuðla að alhliða þroska og virkri þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Að nemendur öðlist umhverfisvitund, skynji hvaða hegðun er við hæfi í náttúru og samfélagi og sýni bæði fólki og umhverfi tillitsemi, virðingu og kurteisi.

Leiðir að markmiðum :

- skólar stuðli að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda með heilsutengdum forvörnum
- nemendur finni til öryggis, njóti hæfileika sinna og bernsku í öllu starfi skólanna
- umburðarlyndi og kærleikur verði ríkjandi í öllu starfi skólanna
- öllum nemendum sé tryggt sambærilegt aðgengi að námi, aðstöðu og tengdri þjónustu
- í inntaki og starfsháttum skóla eiga allir jafnan rétt óháð kyni, uppruna, fötlunar, félagslegrar stöðu, aldurs, kynhneigðar og lífsskoðana
- lögð verði áhersla á lýðræði með því að gera nemendur virkari í gagnkvæmum samræðum í skólastarfinu sem undirbúning fyrir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi
- að efla samskiptalæsi nemenda
- skólar setji sér jafnréttisáætlun sem varðar nemendur
- viðeigandi stoðþjónusta sé til staðar miðað við þarfir einstakra nemenda



Starfsfólk

Hjá Grindavíkurbæ starfi áhugasamt starfsfólk þar sem starfsánægja, metnaður og fagmennska ríkir og að starfsfólk verði jákvæðar fyrirmyndir í samræmi við grunnþætti aðalnámskrár.

Leiðir að markmiði:

- skólar móti lýðræðislega starfshætti í námi, kennslu og starfi á öllum námssviðum
- Skólaskrifstofa standi fyrir fræðslu að ósk skóla/stofnana í samræmi við endur- og símenntunaráætlun
- starfsfólki standi til boða ráðgjöf frá Skólaskrifstofu
- endurskoða kennsluhætti í samræmi við vinnubrögð sem lögð eru til grundvallar í nýrri aðalnámskrá
- hver stofnun vinni jafnréttisáætlun sem tekur mið af lögum og starfsumhverfi hvernar stofnunnar
- skólar setji sér jafnréttisáætlun sem varðar nemendur

Húsnæði, aðstaða og búnaður

Öllum nemendum sveitarfélagsins sé tryggður jafn aðgangur að fjölbreyttri aðstöðu og þroskavænlegu umhverfi þar sem tekið verði mið af öryggi nemenda og mismunandi þörfum þeirra.

Starfsmönnum og nemendum verði tryggður búnaður sem er samkvæmt vinnuverndarákvæðum.

Leiðir að markmiði :

- leiksvæði séu hluti af námsumhverfi skólanna og mæti hreyfiþörf nemenda á mismunandi aldri
- nemendur hafi aðgang að fjölbreyttu og hvetjandi námsumhverfi á öllum námssviðum
- húsnæði, búnaður og tækjakostur svari kröfum tímans og uppfylli skilyrði um örugga notkun

Samvinna og tengsl milli skóla

Öflugt samstarf ríki milli skóla í sveitarfélaginu og þeirra aðila sem koma að málefnum barna og ungmenna.

Leiðir að markmiði :



GRINDAVÍKURBÆR

- tryggja samvinnu og upplýsingaflæði leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla sem byggir á forsendum allra skóla/stofnana
- styðja við nemendur í grunn- og tónlistarskóla til að stunda einingabært nám í framhaldsskóla
- auka samstarf um fagleg málefni og endur- og símenntun
- átaks- og þróunarverkefni verði í auknum mæli sameiginleg milli skóla

Tengsl við umhverfi og grenndarsamfélagið

Nýta til fullnustu þá möguleika sem felast í þeirri auðlind sem býr í grenndarsamfélaginu með það markmið að byggja upp jákvætt viðhorf og virðingu milli nemenda og samfélags.

Leiðir að markmiði :

- að viðeigandi aðilar vinni að samþættingu skóla, íþróttar og annarra frístunda á meðal nemenda
- efla samábyrgð, meðvitund og virkni allra í þeim tilgangi að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær
- sérstök áhersla verði lögð á kennslu um heimabyggð og umhverfi hennar og skólar nýti umhverfi Grindavíkur til þess að skapa sér sérstöðu
- líta á næsta umhverfi nemenda sem hluta af námsaðstæðum þeirra með því að leggja áherslu á útikennslu, umhverfis- og náttúruvernd
- skapa aðstöðu þar sem möguleiki þar sem útikennsla getur farið fram
- skólarnir leggi rækt við verndun umhverfis sem verði samofin fræðslu um nýtingu náttúruauðlinda í sveitarfélaginu
- markvisst samstarf skólanna við stofnanir og atvinnulíf í Grindavík
- skólarnir taki virkan þátt í viðburðum í bæjarlífinu
- heimasíða skóla og sveitarfélags nýtist sem upplýsingamiðill um viðburði og skólastarf

Samstarf og samábyrgð heimila og skóla

Stöðugt verði unnið að traustu og árangursríku samstarfi milli heimila og skóla sem felur í sér samráð og samvinnu um nám, hegðun, umgengni og skólabrag.

Leiðir að markmiði :

- skólar hvetji foreldra/forráðamanna til þátttöku í skólastarfi og nýti reynslu og sérþekkingu þeirra
- gagnkvæm upplýsingamiðlun um stöðu og nám nemenda verði milli skóla og beggja foreldra/forráðamanna eftir aðstæðum



GRINDAVÍKURBÆR

- sveitarfélagið og skólar veiti foreldrum/forráðamönnum fræðslu og upplýsingar um uppeldis- og skólastarf
- fulltrúar foreldra/forráðamanna hafi aðstöðu í skólunum til fundarhalda og varðveislu gagna

Uppeldisstarf og lýðheilsa

Í uppeldisstarfi á vegum sveitarfélagsins er byggt á hugmyndafræði þar sem lögð er rækt við jákvæð lífsgildi.

Viðhafðir séu lífshættir í allri starfsemi skólanna sem stuðla að góðri lýðheilsu.

Leiðir að markmiði :

- skólar og stofnanir í Grindavík skilgreini leiðir í uppeldisstarfi sem byggja á því að ná markmiðum stefnunnar og miðli áherslum í uppeldisstarfi til foreldra/forráðamanna og þeirra sem sinna uppeldisstörfum í Grindavík
- viðhöfð séu vinnubrögð sem styrkja markvisst félagsfærni og jákvæða sjálfsmynd nemenda og ábyrgð þeirra á eigin framgöngu
- virkt samstarf samfélags og fagaðila um forvarnir stuðli að góðri lýðheilsu
- skapa nemendum og starfsmönnum heppilegar vinnuaðstæður og umhverfi sem efla heilbrigðan lífstíl s.s. varðandi næringu, hreyfinu og fleiri heilsueflandi þætti
- lögð verði áhersla á útivist, útikennslu og reglubundna hreyfingu
- starfsmönnum og nemendum standi til boða hollur og næringaríkur matur sem er í samræmi við manneldismarkmið

Nám, kennsla og innra starf

Að skólar í Grindavík þrói stöðugt starfsaðferðir og kennsluhætti sem taka mið af þroska og þörfum nemenda og síbreytilegu umhverfi. Allt nám grundvallist á grunnþáttum menntunar.

Leiðir að markmiði:

- vinna með og skilgreina lykilhugtök og grunnþætti menntunar
- áhersla er á einstaklingsmiðað nám og fjölbreytta kennsluhætti
- lýðræði samofið skólastarfi í samræmi við þroska nemenda
- valfrelsi nemenda í námi verði aukið
- virkja ímyndunarafl, frumkvæði og hæfileika nemenda í öllu námi
- skapandi starf verði haft að leiðarljósi þar sem áhersla er á uppgötvun, gagnrýna hugsun, umræður og ígrundun
- efla þekkingu og leikni nemenda til að skynja, skilja, túlka og gagnrýna upplýsingar úr umhverfinu



GRINDAVÍKURBÆR

- nýtt verði leiðbeinandi umræða við mat á vinnuferli nemenda
- samvinna og samþætting milli námssviða, aldurshópa, skólastiga og stofnana
- veita nemendum þekkingu á réttindum og skyldum og öðrum grundvallareglum samfélagsins
- að efla nemendur í læsi í víðum skilningi og styrkja þá í að lesa í umhverfi og aðstæður á fjölbreytilegan hátt s.s. svipbrigði, orð, tákni, myndir, stafræn tæki og menningu
- starfsmannafjöldi með hverjum námshópi taki mið af fjölda nemenda og samsetningu

Leikskóli

Skapa öruggt umhverfi, í samráði við foreldra/forráðamenn, sem eykur möguleika nemenda til náms og þroska á forsendum hvers og eins.

Leiðir að markmiði :

- starfið einkennist af hlýju, umhyggju og fagmennsku
- leikskólastarf sé skipulagt fyrst og fremst með hagsmuni og þarfir nemenda í huga
- áhersla á að nemendur læri og þroskist í gegnum leik
- fjölbreytt og ögrandi leikskólaumhverfi
- fjölbreyttar aðferðir notaðar í mati á þroska, námi og velferð

Grunnskóli

Skólinn skapi umhverfi, í samráði við foreldra/forráðamenn, þar sem öllum líður vel og allir læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Stefnt er að því að frá skólanum fari einstaklingar sem tilbúnir eru til þess að takast á við eigin framtíð.

Leiðir að markmiði:

- Starfsemin skal einkennast af fjölbreytni, sveigjanleika og víðsýni, þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda.
- lögð verði áhersla á læsi og lestrarnám hjá öllum aldurshópum skv. lestrarstefnu skólans
- vinnubrögð og samskipti eru í samræmi við stefnu um uppeldi til ábyrgðar til að efla sjálfsstjórn, innsæi og sjálfsöryggi nemenda í skólastarfinu



GRINDAVÍKURBÆR

- þróa fjölbreytt námsmat sem tekur mið af námsmarkmiðum og kennsluaðferðum

Tónlistarskóli

Tónlistarskóli Grindavíkur sinni fjölbreyttu námsframboði í tónlistarkennslu og tónlistaruppeldi.

Leiðir að markmiði :

- búa nemendum skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu og auka hæfni þeirra til að flytja, skapa og hlusta á tónlist og njóta hennar
- nemendum í tónlistarnámi gefist kostur á að stunda nám sitt á samfelldum skóladegi eins og kostur er
- leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik og hljómsveitarstarfi og koma fram á tónleikum
- styrkja starfsemi skólans til að koma til móts við biðlista til að fleirum standi tónlistarnám til boða

Framhaldsnám

Sköpuð verði aðstaða til framhaldsnáms og sí- og endurmenntunar í heimabyggð.

Leiðir að markmiði:

- almenningi gefið tækifæri til aukinnar menntunar í heimabyggð
- áhersla verði lögð á að efla tengsl við framhaldsskóla, símenntunarstöðvar og háskóla.

Þjónusta og stuðningur við skólastarf

Skólaskrifstofa Grindavíkur styrki starfsemi skólastofnana, sem annars vegar felst í að reka sérfræðiþjónustu sem er stuðningur við nemendur og foreldra/forráðamenn þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi skólanna og starfsfólk þeirra.

Leiðir að markmiði :

- styðja við þróun, úrbætur og nýbreytni í skólastarfi í samvinnu við skólastjórnendur, m.a. með reglubundnu ytra mati skv. áætlun þar um
- skapa vettvang fyrir nýbreytni í náms- og kennsluháttum
- að vera til ráðgjafar vegna fjölbreyttra þarfa nemenda, foreldra/forráðamanna og starfsfólks



GRINDAVÍKURBÆR

- vinna greiningu á þörfum einstakra nemenda vegna sálrænna-, náms- eða félagslegra þátta sem hafa áhrif á þroska þeirra og nám
- að tryggja að verkferlar varðandi tilvísun mála til sérfræðipjónustu séu skýrir
- samhæfa störf sérfræðipjónustu og félagspjónustu í þágu nemenda
- stuðli að samvinnu milli skóla

Mat á skólastarfi

Skólar innleiði innra mat sem er í samræmi við lög og geri hagsmunaaðilum kleift að meta skólastarfið og árangur þess. Ytra mat sveitarfélagsins á skólastarfi sé virkt.

Leiðir að markmiði :

- unnið verði með fjölbreytt matstæki við mat á skólastarfi
- að mat á skólastarfi sé umbótamiðað
- hver skóli meti á reglubundinn hátt árangur og gæði skólastarfsins með þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra/forráðamanna
- stjórnendur tryggi úrvinnslu innra mats, kynni niðurstöður og beri ábyrgð á gerð umbótaáætlana
- skólar í Grindavík eigi kost á ráðgjöf vegna mats á skólastarfi

Frístundastarf

Í öllu starfi með börnum og ungmönnum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku.

Leiðir að markmiði:

- boðið verði upp á fjölbreytta starfsemi þar sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi
- félagsmiðstöð verði öruggt athvarf þeirra sem þangað vilja leita
- sérstök áhersla að ná til þeirra nemenda sem ekki eru virkir í félagsstarfi
- unnið verði markvisst að forvörnum, meðal annars sem varða vímuefnanotkun og einelti

Lengd viðvera

Starfsemi lengdrar viðveru er ætlað að koma til móts við þarfir samfélagsins, foreldra/forráðamanna og atvinnulífs með því að skapa börnunum öruggan og notalegan samastað að skóla loknum

Leiðir að markmiði:



GRINDAVÍKURBÆR

- bjóða upp á fjölbreytt starf og leik í Skólaseli þegar hefðbundnum skóladegi lýkur í 1. – 3. bekk
- nemendum er gert kleift að sækja frístundastarf í viðverutíma sínum
- bjóða upp á fjölbreytt starf og koma upp aðstöðu fyrir lengda viðveru fatlaðra nemenda í 4.-10. bekk grunnskóla

Afgreitt á fundi vinnuhópsins 23. september 2013.

Samþykkt í fræðslunefnd 25.09.2013

Samþykkt í bæjarstjórn 18.12.2013